

158/
2017

Áfrýjunarstefna

Hæstaréttur Íslands

Gjörir kunnugt: Réttinum hefur tjáð Hilmar Gunnlaugsson hrl., Kaupvangi 2, 700 Egilsstöðum, að hann þurfi fyrir hönd Sólvalla, sjálfseignarstofnunar, kt. 660810-1370, Traðarbergi 19, 221 Hafnarfirði, að áfrýja til Hæstaréttar Íslands dómi Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 9. desember 2016, í málinu nr. E- 446/2016:

Sólvellir, sjálfseignarstofnun
gegen
Hafnarfjarðarkaupstað

Ofangreindur hæstaréttarlögmaður, Hilmar Gunnlaugsson, fer með málið fyrir Hæstarétti fyrir hönd áfrýjanda.

Fyrirsvarsmaður áfrýjanda er Erna Fríða Berg stjórnarformaður, kt. 020938-3749, Eyrarholti 6, 200 Hafnarfirði.

Fyrirsvarsmaður stefnda, Hafnarfjarðarkaupstaðar, kt. 590169-7579, Ráðhúsi Hafnarfjarðar, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði er Haraldur Lindal Haraldsson, kt. 170852-3469, Sandprýði 2, 210 Garðabæ.

Áfrýjun og tilgangur áfrýjunar:

Með dómi Héraðsdóms Reykjaness var viðurkenningarkröfu áfrýjanda hafnað. Þá var vara- og þrautavarakröfum, sem voru fjákröfur, að mestu hafnað. Daginn fyrir aðalmeðferð málsins hafði stefndi greitt hluta fjákröfunnar og féllst dómari á þann hluta, en hafnaði kröfu áfrýjanda um dráttarvexti á þá fjárhæð.

Áfrýjandi vill ekki una niðurstöðu héraðsdóms og telur niðurstöðu héraðsdóms ranga. Áfrýjandi mun leitast við að sýna fram á, að dóminum beri að hnekka fyrir Hæstarétti Íslands, á þann veg aðallega, að fallist verði á aðalkröfu áfrýjanda, en til vara að fallist verði á fjákröfur áfrýjanda eins og þær birtast í vara- og þrautavarakröfum. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir héraði og Hæstarétti úr hendi stefnda.

Dómkröfur áfrýjenda:

Fyrir Hæstarétti Íslands gerir áfrýjandi sömu kröfur og í héraði að teknu tilliti til innborgunar stefnda, þ.e. að héraðsdómi verði hrundið og aðallega að viðurkenndur verði réttur áfrýjanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar vegna þeirrar ákvörðunar bæjarráðs stefnda frá 6. september 2012, sem staðfest var af bæjarstjórn stefnda þann 12. september 2012, að falla frá því forvalsferli um hjúkrunarheimili á Völlum 7 sem hófst með fundi starfshóps 9. febrúar 2010,

til vara að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 12.274.661 auk dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 af þeirri fjárhæð frá 12. september 2012 til greiðsludags, að frádregnum krónum 350.000 m.v. 14. nóvember 2016,
og til þrautavara að stefndi verði dæmdur tli að greiða áfrýjanda kr. 2.605.000 auk dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 af þeirri fjárhæð frá 12. september 2012 til greiðsludags, að frádregnum krónum 350.000 m.v. 14. nóvember 2016.
Þess er í öllum tilvikum krafist að dæmt verði að stefndi skuli greiða áfrýjanda málskostnað fyrir héraði og Hæstarétti samkvæmt mati dómsins eða síðar framlögðum málskostnaðarrekningi.

Frestur stefnda til að tilkynna um að hann muni halda uppi vörnum í málinu:

Stefndi skal tilkynna Hæstarétti Íslands, eigi síðar en 19.4.2017 hvort stefndi muni halda uppi vörnum í málinu. Berist slík tilkynning ekki innan frestsins er litið svo á að stefndi krefjist staðfestingar héraðsdóms og verður málið þá dómtekið skv. 3. mgr. 158. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 12. gr. laga nr. 38/1994, eftir atvikum að liðnum fresti sem áfrýjanda kann að verða veittur til að ljúka gagnaöflun og dæmt á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Áfrýjunarstefnu þessa verður að birta eigi síðar en viku áður en ofangreindur frestur til handa stefnda er á enda.

Til staðfestu er innsigli Hæstaréttar Íslands.

Reykjavík, 8. 3. 2017.

Hafnarfjörðarkaupstaður

Gjald kr. 50 000.

Stefndi, Hafnarfjarðarkaupstaður, hefur falið undirritaðri að flytja mál þetta fyrir Hæstarétti, halda uppi vörnum og skila til réttarins tilkynningu þeirri sem mælt er fyrir um í áfrýjunarstefnunni. Samrit stefnunnar hefur verið afhent undirrituðum samtímis því að ég áritua hana fyrir hönd stefndu til staðfestingar þess að hún hafi verið birt. Birtingarvottorð þetta er áritað á frumrit stefnunnar.

Hafnarfjörðarkaupstaður 19.4.2017
staður og dagsetning
Sigríður Þórssdóttir

BIRTINGARVOTTORÐ

Sókn löjmannsstofa
Hilmar Gunnlaugsson hm
Kaupvængi 2,
700 Egilsstaðir.

Vegna birtingar á: **ÁFRÝJUNARSTEFNU**

Síðasti birtingardagur er: **12. APRÍL 2017, en óskast birt sem fyrst.**

Viðtakandi: **Hafnarfjarðarkaupstaður**
Kt. 590169-7579
Ráðhúsi Hafnarfjarðar, Strandgötu 6,
220 Hafnarfirði

Fyrirsvarsmaður lögaðila:
Haraldur Líndal Haraldsson, kt. 170852-3469,
Sandprýði 2, 210 Garðabæ.

Tilgreint heimilisfang er: **Lögheimili**

Fyrir hverjum birt: _____

kt. _____

Tengsl við þann sem birting beinist að: _____

Birtingarstund: þrisbjú dagur, 11. / 4 2017 kl. 11:01

Birtingarstaður:

/ _____ / _____
Sveitarfélag Gata og húsnúmer hæð, íbúð, annað

Birting tókst ekki þar sem viðtakandi:

- Er fluttur og ekki vitað hvert
- Þekkist ekki í húsinu
- Býr nú _____

Athugasemdir: _____

Dags. og undirskrift
birtingarmanns:

Póstmaður Stefnuvottur

Gjald kr. _____

Undirskrift viðtakanda:

Har. 